

26. Frumvarp

til laga um skiftimynt úr eirnikkel.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel.

2. gr.

Eirnikkelpeningar þessir skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Pvermál millimetrar	Þyngd brúttó gröm	málmblöndun
Peningur, sem gildi 25 aura,	17	2,4	} 75 hlutar að þyngd af eiri. 25 hlutar að þyngd af nikkel.
Peningur, sem gildi 10 aura,	15	1,5	

3. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

4. gr.

Peningar þessir skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna í milli, fyrir allt að 5 króna upphæð í einu, þar til þeir eru orðnir mjög mikil eða ólöglega skaddaðir. Gagnvart ríkissjóði eru þeir eigi lengur löglegur gjaldeyrir, er þeir eru orðnir svo slitnir, að ekki verður sjæð, fyrir reikning hvaða ríkis þeir eru slegnir, en gagnvart öllum öðrum hætta þeir að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10—10000 krónum.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

skiftimynt úr eirnikkel.

Vjer Christian hinn tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gerum kunnugt: Fjármálaráðherrann hefir tjáð Oss, að vegna þess að um langan tíma hefir verið mjög tilfinnanleg þurð á nauðsynlegri skiftimynt á Íslandi, sjerstaklega 10-eyringum og 25-eyringum, svo vandræði hafa orðið að í daglegum viðskiftum, virðist óhjákvæmilegt að slá sjerstaka íslenska 10-eyringa og 25-eyringa nú þegar, áður en reglulegt Alþingi kemur saman; enda skóraði síðasta Alþingi á stjórnina að gera ráðstafanir í þessa átt. Fyrir því teljum Vjer brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel.

2. gr.

Eirnikkelpeningar þessir skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Pvermál millimetrar	Þyngd brúttó gröm	málmblöndun
Peningur, sem gildi 25 aura,	17	2,4	} 75 hlutar að þyngd af eiri, 25 hlutar að þyngd af nikkel.
Peningur, sem gildi 10 aura,	15	1,5	

3. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

4. gr.

Peningar þessir skulu vera löglegur gjaldeyrir í rikissjóð og manna í milli, fyrir alt að 5 króna upphæð í einu, þar til þeir eru orðnir mjög mikil eða ólöglega skaddaðir. Gagnvart rikissjóði eru þeir eigi lengur löglegur gjaldeyrir, er þeir eru orðnir svo slitnir, að ekki verður sjeð, fyrir reikning hvaða rikis þeir eru slegnir, en gagnvart öllum öðrum hætta þeir að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10—10000 krónum. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. október 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Kl. Jónsson.